



# Lestrarstefna Gerðaskóla

Skólaárið 2018 - 2019

<b>1</b>	<b>INNGANGUR.....</b>	<b>4</b>
<b>2</b>	<b>LESTRARSTEFNA GERÐASKÓLA .....</b>	<b>5</b>
<b>3</b>	<b>LESTUR.....</b>	<b>6</b>
3.1	LESTRARKENNSLUAÐFERÐIR - 1. BEKKUR .....	6
3.1.1	<i>Hljóðaaðferðin .....</i>	6
3.1.2	<i>Fjölskynja kennsluaðferðir .....</i>	6
3.1.3	<i>Samlestur .....</i>	6
3.1.4	<i>Spil og leikir.....</i>	6
3.1.5	<i>Kennsluforrit .....</i>	7
3.1.6	<i>LTG – aðferðin.....</i>	7
3.1.7	<i>Hugtakakort.....</i>	7
3.1.8	<i>Paralestur.....</i>	7
3.1.9	<i>Raddlestur (að lesa upphátt) .....</i>	7
3.1.10	<i>Framsögn .....</i>	7
3.2	LESTRARÞJÁLFUN Í SKÓLA .....	8
3.3	MARKMIÐ MEÐ LESTRARÞJÁLFUN HEIMA .....	8
3.3.1	<i>Skráning á heimalestri .....</i>	8
3.4	LESTRARÞJÁLFUN HEIMA .....	9
3.4.1	<i>1.-6. bekkur.....</i>	9
3.4.2	<i>7.-8. bekkur.....</i>	9
3.4.3	<i>9.-10. bekkur.....</i>	9
3.5	HUGMYNDR AÐ LESTRARÞJÁLFUN FYRIR HEIMILIN.....	9
3.5.1	<i>Stuðningur og leiðsögn við lestur .....</i>	9
3.5.2	<i>Endurtekinn lestur með tímatöku .....</i>	9
3.5.3	<i>Samlestur .....</i>	9
3.5.4	<i>Paralestur.....</i>	10
3.5.5	<i>Bergmálslestur.....</i>	10
3.5.6	<i>Leiðbeinandi lestur og stuðningur .....</i>	10
3.5.7	<i>Að hlusta og lesa.....</i>	10
<b>4</b>	<b>VERKLAGSREGLUR .....</b>	<b>11</b>
4.1	VERKLAGSREGLUR VARÐANDI HEIMALESTUR NEMENDA Í 1.-6. BEKK .....	11
4.2	VERKLAGSREGLUR VARÐANDI HEIMALESTUR NEMENDA Í 7.-10. BEKK .....	11
<b>5</b>	<b>LESTRARERFIÐLEIKAR .....</b>	<b>12</b>
<b>6</b>	<b>LESFIMIPRÓF .....</b>	<b>13</b>
6.1	VIÐMIÐ VEGNA ORÐAFJÖLDA Í LESTRI Á LESFIMIPRÓUM.....	13
<b>7</b>	<b>EINSTAKLINGSAÆTLUN.....</b>	<b>14</b>
<b>8</b>	<b>LESSKILNINGUR .....</b>	<b>14</b>
8.1	GAGNVIRKUR LESTUR.....	15
8.1.1	<i>Aðferðin .....</i>	15
8.1.2	<i>Leiðbeiningar .....</i>	15
8.2	HUGTAKAKORT .....	16

8.2.1	<i>Aðferðin</i> .....	16
8.2.2	<i>Leiðbeiningar</i> .....	16
8.3	STIGVAXANDI ÞRÓUN Í HUGTAKAKORTAGERÐ .....	17
8.4	KVL .....	18
8.4.1	<i>Aðferðin</i> .....	18
8.4.2	<i>Leiðbeiningar</i> .....	18
8.5	MERKING ORÐA ÚT FRÁ SAMHENGI .....	19
<b>9</b>	<b>MATSTÆKI -SKIMANIR OG PRÓF</b> .....	<b>20</b>
9.1	LESFIMIPRÓF .....	20
9.1.1	<i>Markviss skráning í skóla og eftirlit</i> .....	20
9.2	ORÐARÚN .....	20
9.3	LESFERILL – LESSKIMUN FYRIR 1. BEKK .....	20
9.3.1	<i>Lesferill – stuðningspróf</i> .....	21
9.3.2	<i>Lesmál – 2. bekkur</i> .....	21
9.4	SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF .....	21
<b>10</b>	<b>LESSKILNINGSPRÓF</b> .....	<b>22</b>
<b>11</b>	<b>GREININGARPRÓF</b> .....	<b>22</b>
11.1	LOGOS (3. – 10. BEKKUR) .....	22
11.2	TOLD 2P OG 2I MÁLÞROSKAPRÓF .....	22
11.3	GRP 14 – GREINANDI RITMÁLSPRÓF (8. BEKKUR) .....	22
<b>12</b>	<b>LESTRARÁTAK</b> .....	<b>23</b>
<b>13</b>	<b>UPPLESTRARKEPPNI</b> .....	<b>23</b>
13.1	STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN Í 7. BEKK .....	23
13.2	LITLA UPPLESTRARHÁTÍÐIN Í 4. BEKK .....	23
<b>14</b>	<b>YFIRLIT YFIR MATSTÆKI EFTIR ÁRGÖNGUM</b> .....	<b>24</b>
<b>15</b>	<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>24</b>

## 1 Inngangur

Starfshópur kennara Gerðaskóla vann að því að móta lestrarstefnu skólans á vorönn 2015. Lestrarfærni er mikilvægur þáttur þegar kemur að því hvernig nemandi tekst að nýta sér námið í skólanum og fellur hugtakið lestur undir námskrá hvers skóla. Kennarar bera ábyrgð á að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrir mæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá grunnskóla (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Aðalmarkmið lestrarstefnunnar er að tryggja að lestrarkennsla og lestrarþjálfun í 1.-10. bekk sé markviss og skýr fyrir alla sem koma að kennslunni og þjálfun þannig að allir nemendur skólans nái góðri lestrarfærni.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir:

*Lestur er lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum að vera skýr, fjölbreytt og markviss. Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið þátt í samfélaginu. Leita þarf allra leiða til þess að bæta stöðu þeirra nemenda sem af einhverjum ástæðum gengur illa að læra að lesa og grípa þarf inn í sem allra fyrst.*

Lestrarþjálfun og góð lestrargeta eru mikilvæg í námi barna og ungmenna og teljum við í Gerðaskóla þess vegna mikilvægt að setja lestrarþjálfun í markvissan farveg til að styðja alla kennara skólans, nemendur og foreldra. Lestrarþjálfunin er sameiginlegt verkefni skóla og heimilis þar sem allir vinna eftir sömu stefnu að sama markmiði. Með þessu samstarfi er líklegra að sett markmið, áherslur og árangur náist hjá nemandanum.

Lestarstefnan er vinnuskjal sem kennarar vinna eftir í lestrar- og lesskilningskennslu auk þess sem það leiðbeinir með lestrarkannanir og greiningarpróf. Stefnt er að því að hafa vinnuskjalið virkt með því að endurskoða og bæta fyrir hvert skólaár.

### Starfshópur um mótun lestrarstefnu Gerðaskóla 2015

Auður Vilhelmsdóttir, Guðrún F. Stefánsdóttir, Helga Björk Sigurðardóttir, Jóhanna Pálsdóttir, Laufey Erlendsdóttir, Lilja D. Friðriksdóttir, Magnús H. Guðmundsson og Þóra Jenný Benónýsdóttir.

Ráðgjafi: Helena Rafnsdóttir

## 2 Lestrarstefna Gerðaskóla

Færni í lestri er undirstaða fyrir allt nám og er þess vegna mikilvægt að leggja áherslu á lestrarkennslu á öllum stigum skólans. Lestrarstefnan lýsir þeim aðgerðum sem allir kennarar og stjórnendur vinna eftir til að ná markmiðum aðalnámskrár í lestri og lesskilningi. Að vinna með lestur er ferli sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og kennslan þarf þess vegna að taka mið af því sem reynist farsællast hverju sinni.

Aðalmarkmið lestrarstefnunnar er að kennslan sé markviss og skýr og haft að leiðarljósi æskilegri lestrarfærni nemandans alla skólagönguna. Lestrarþjálfun og góð lestrargeta er mikilvæg í námi barna. Þjálfunin á að vera sameiginlegt verkefni skóla og heimilis og áherslur eiga að taka mið af stöðu nemandans hverju sinni.

Í öllum störfum setjum við okkur ákveðin markmið til að stefna að.

### **3 Lestur**

#### **3.1 Lestrarkennsluaðferðir - 1. bekkur**

Í Gerðaskóla er hljóðaaðferðin megin kennsluaðferðin í lestrarkennslu fyrir byrjendur. Nemendur sem hefja nám við skólann í 1. bekk koma með lestrarþekkingu upp úr leikskóla og hafa þeir fengið markvissan undirbúning og þjálfun undirstöðupátta læsis; orðaforða, hljóðkerfisvitundar og orðþekkingar. Lestrarkennsla er skipulögð aðferð sem felur annars vegar í sér umskráningu bókstafa í orð og setningar sem er tæknilegur hluti lestrarnámsins og hins vegar merkingarlega greiningu textans sem er lesskilningsþátturinn.

Góð hljóðkerfisvitund er mikilvæg en það er ekki síður mikilvægt að lestrarnám sé merkingarbært, hvetjandi og veki áhuga. Þannig tileinka nemendur sér lestrarfærni.

##### **3.1.1 Hljóðaaðferðin**

Íslensku bókstafirnir eru kenndir í þeirri röð sem þeir koma fyrir í lestrarkennslubókinni Lestrarlandið. Nemendur læra heiti bókstafanna, hvaða hljóð þeir eiga og hvernig þeir eru skrifaðir þannig að samhæfing hugar og handar æfist. Þegar nokkrir bókstafir hafa verið kenndir geta nemendur farið að tengja saman hljóðin til þess að mynda orð. Í upphafi lesa nemendur stutt orð en fara smám saman að lesa lengri orð og setningar.

##### **3.1.2 Fjölskynja kennsluaðferðir**

Fjölskynja nálgun byggir á því að nemendur vinna með viðfangsefni út frá sem flestum skynáreitum. Nemendur sjá og skoða form bókstafanna og læra um leið hvernig þeir eru skrifaðir (gegnum sjónina). Þeir hlusta á heiti og hljóð stafanna (gegnum heyrn), búa til stafinn með því að „skrifa“ stafina á borðið sitt eða út í loftið með fingrunum (gegnum hreyfingu) og leira stafinn en fá þá um leið að þreifa á formi hans (gegnum snertingu).

##### **3.1.3 Samlestur**

Kennari velur texta, sögu eða jafnvel ljóð og unnið er t.d. með ákveðna bókstafi, hugtök, orð eða orðmyndir. Verkefni eru unnin út frá textanum, bæði myndrænt og skriflega. Lesskilningur er þjálfaður og ný orð skoðuð sérstaklega til þess að auka orðaforðann.

##### **3.1.4 Spil og leikir**

Ein af kennsluaðferðum sem notaðar eru á yngsta stigi eru spil og leikir. Markviss notkun leikja í kennslu getur orðið til þess að auka áhuga nemenda á náminu og um leið gert það

skemmtilegra. Með spilum og leikjum er hægt að þjálfá bókstafi, hljóð þeirra og tákni en auk þess orð og orðmyndir.

### **3.1.5 Kennsluforrit**

Kennsluforrit eru góð til lestrarkennslu og þjálfunar.

### **3.1.6 LTG – aðferðin**

Unnið er út frá talmáli og sköpunarhæfileikum nemenda sem semja sögur með hjálp kennara. Þessi aðferð er notuð til þess að kenna ákveðna bókstafi eða orðmyndir. Kveikjan að sögu getur verið t.d. einn bókstafur, mynd eða upplifun nemendahópsins á einhverju sérstöku. Unnið er með söguna á marga vegu og gefst nemendum tækifæri til þess að uppgötva tengsl hins talaða máls og hins ritaða.

### **3.1.7 Hugtakakort**

Þessi aðferð kennir nemendum að nota myndræna framsetningu til þess að skapa tengsl við bókstafi, hljóð og orð. Seinna meir þegar nemendur eru búnir að ná góðri færni til að nýta sér þessa tækni þá eru þeir fljótir að koma skipulagi á hugsun sína, ná yfirsýn yfir efni og undirbúa ritun eða sögugerð.

### **3.1.8 Paralestur**

Nemendur lesa texta/bók sem valin er af kennara. Markmiðið er þjálfun í raddlestri og framsögn. Sá sem hlustar væri þá hugsanlega með hlutverk sem tímavörður. Nemendur búa til spurningar úr efninu hvor fyrir annan eða endursegja og æfa fyrstu skrefin í gagnvirkum lestri.

### **3.1.9 Raddlestur (að lesa upphátt)**

Nemendur lesi fyrir kennara í skólanum. Einnig lesa nemendur í paravinnu og samlestri í stærri hóp.

### **3.1.10 Framsögn**

Þegar nemandi hefur náð nokkuð góðum tökum á lestri er tímabært að bæta við færni og huga að framsagnarþættinum. Góð framsögn veitir lesandanum öryggi og stuðlar að bættum lesskilningi auk þess að vera stór þáttur í miðlun texta. Strax í 1. bekk fá nemendur þjálfun í framsögn með því að segja frá eigin upplifun t.d. úr púlti. Mikilvægt er að allir árgangar fái þjálfun í framsögn á einhvern hátt. Nemendur í 4., 6. og 7. bekk fá markvissa

þjálfun í framsögn sem gefur þeim færi á að styrkja og gera framsagnarþáttinn mikilvægan til undirbúnings fyrir Litlu- og Stóru upplestrarkeppnirnar sem fara fram í 4. og 7. bekk.

### **3.2 Lestrarþjálfun í skóla**

Nemendur í 1.-6. bekk lesa daglega upphátt í skólanum fyrir kennara sem kvittar fyrir lestrinum. Nemendur í 2.-6. bekk lesa einnig að meðaltali í 5-10 mínútur í hljóði á dag. Kennarar sjá nemendum fyrir bókum sem hæfa aldri, þroska og getu, að auki ná þeir í kjörbækur á bókasafni.

Nemendur í 7.-10. bekk lesa upphátt fyrir kennara tvisvar sinnum í viku. Þeir lesa að auki í hljóði að meðaltali í 10 mínútur á dag í skóla. Nemendur sækja sér bækur á bókasafni eftir áhugasviði.

Umsjónarkennari heldur utan um þær bækur sem nemendur í 1.-6. bekk lesa en nemendur í 7.-10. bekk bera sjálfir ábyrgð á því að skrá niður þær bækur sem þeir lesa í þar til gerða heimalestrarbók.

### **3.3 Markmið með lestrarþjálfun heima**

Markmið með heimalestri er að nemendur auki við leshraða og bæti lesskilning, orðaforða og málskilning. Mikilvægt er að huga að því að þegar barnið les heima að það hafi næði á meðan það æfir sig. Nauðsynlegt er að sitja hjá barninu og fylgjast með lestrinum og leiðrétta þegar orðin eru lesin rangt og hrósa þegar rétt er lesið. Það er líka góð regla að athuga öðru hvoru hvort barnið skilur það sem lesið var með því að ræða söguþráðinn eða spyrja spurninga. Til að auka áhuga barnsins á lestri þá er gott að fara með barnið á bókasafnið og finna lesefni sem hæfir áhugasviði barnsins og jafnvel lesa bækurnar með því eða fyrir barnið. Nemendur sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér lestur þurfa að hafa aðgang að hljóðskrá.

#### **3.3.1 Skráning á heimalestri**

Markviss skráning á lestri nemenda veitir yfirsýn yfir ástundun þeirra í lestri. Það veitir einnig innsýn í skipulag, virkni og viðhorf nemandans til lestrar. Allan heimalestur á að skrá í Heimalestrarbókina. Skráning á heimalestri er þáttur í samstarfi á milli heimilis og skóla.



### **3.4 Lestrarþjálfun heima**

#### **3.4.1 1.-6. bekkur**

Nemendur lesa upphátt fyrir fullorðinn aðila heima í 10 – 15 mínútur á dag fimm sinnum í viku. Einnig er mikilvægt að lesa reglulega fyrir barnið og ræða innihald textans, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst. Kvittunarhefti (Heimalestrarbók) mun fylgja lestrarbókunum þar sem foreldrum eða fullorðnum aðila er gert að kvitta fyrir heimalesturinn. Þeir nemendur og foreldrar sem standa sig vel fá sýnilega umbun í kvittunarheftið. Þá munu kennarar einnig kvitta fyrir í sömu hefti í hvert sinn sem nemandi les fyrir þá. Heftið skal því fylgja nemandanum bæði heima og í skóla.

#### **3.4.2 7.-8. bekkur**

Nemendur lesa ákveðinn blaðsíðufjölda á skólaárinu og halda lestrardagbók. Lestur er skráður á ákveðið kvittunarblað og kennari og foreldrar kvitta fyrir hlustun. Færðar eru tvær dagbókarfærslur á viku og skila nemendur bókinni til kennara á tveggja vikna fresti.

#### **3.4.3 9.-10. bekkur**

Nemendur lesa þrjár bækur á önn. Foreldrar kvitta fyrir hlustun. Tímaritgerð er unnin úr kjörbók en próf og verkefni úr bók sem kennari velur.

### **3.5 Hugmyndir að lestrarþjálfun fyrir heimilin**

#### **3.5.1 Stuðningur og leiðsögn við lestur**

Lestrarstuðningur felst í því að hvetja nemendur, leiðrétta villur og gefa leiðbeiningar um hvernig á að lesa.

#### **3.5.2 Endurtekinn lestur með tímatöku**

Nemandinn les eina blaðsíðu þrisvar sinnum og foreldri/forráðamaður tekur tímann. Nemandinn reynir að bæta sig í hvert sinn sem hann les. Endurtekning er mjög mikilvægur þáttur í lestrarþjálfun og þar sem nemendum finnst endurtekning oft ekki spennandi þá er þetta ágæt leið til þess að lífga upp á endurtekningalesturinn.

#### **3.5.3 Samlestur**

Nemandi og foreldri/forráðamaður lesa saman upphátt.

#### **3.5.4 Paralestur**

Nemandi og foreldri/forráðamaður skipta textanum á milli sín og lesa til skiptis (ein og ein setning eða efnisgrein).

#### **3.5.5 Bergmálslestur**

Foreldri/forráðamaður les setningu og nemandinn les hana síðan.

#### **3.5.6 Leiðbeinandi lestur og stuðningur**

Foreldri/forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir nemandann. Nemandinn æfir sig að lesa textann í hljóði eða lágt og reynir að líkja eftir lestrarlagi foreldris. Svo les nemandinn textann upphátt. Foreldri/forráðamaður leiðbeinir og leiðréttir ásamt því að hvetja nemandann áfram.

#### **3.5.7 Að hlusta og lesa**

Hlustun á hljóðbók/tölvu samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á <http://mms.is>.

Námshjálparstofnun gefur hljóðbækurnar út og hægt er að hlusta á þær án endurgjalds.

## 4 Verklagsreglur

### 4.1 Verklagsreglur varðandi heimalestur nemenda í 1.-6. bekk

Ef ekki er kvittað fyrir heimalestri er ferlið eftirfarandi:	Dags.	Dags.	Dags.
1. Kennari skráir ástundun í Mentor elh (ekki lesið heima) á öðrum, þriðja og fjórða degi.			
2. Athugasemd skráð í Mentor og tölvupóstur sendur til foreldra hefur skráning á ástundun ekki borið árangur á fimmta degi			
3. Kennari hringir heim á sjötta degi			
4. Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með kennara og skólastjórnendum ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.			

### 4.2 Verklagsreglur varðandi heimalestur nemenda í 7.-10. bekk

Ef ekki er kvittað fyrir heimalestri er ferlið eftirfarandi:	Dags.
1. Kennari skoðar kvittunarblað vikulega og sendir tölvupóst til foreldra/forráðamanna sé heimalestri ekki sinnt sem skyldi. Kennari skráir einnig ástundun í Mentor (ekki lesið heima).	
2. Athugasemd skráð í Mentor ef tölvupóstur hefur ekki borið árangur.	
3. Kennari hringir heim.	
4. Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund með kennara og skólastjórnendum ef ofangreindar aðgerðir bera ekki árangur.	

Ofangreindum verklagsreglum hefur verið fylgt en það hefur ekki borið árangur og málinu því vísað til nemendaverndarráðs Gerðaskóla.

## 5 Lestrarferfiðleikar

Einstaka nemendur eiga oft í langvinnum erfiðleikum með að tileinka sér lestrarnámið. Þegar nemandi á erfitt með að tileinka sér lestur er mikilvægt að bregðast fljótt við og koma til móts við nemandann á hans forsendum. Í leikskóla er lagt fyrir Hljóm 2 próf til að finna þá einstaklinga sem gætu átt við lestrarerfiðleika að stríða seinna meir og er þar einnig leitast við að vinna með niðurstöður áður en eiginlegt lestranáam hefst í grunnskólanum. Á fyrstu árunum í grunnskólanum er fylgst mjög vel með framvindu lestrarnámsins með ýmsum matstækjum. Nánar er gert grein fyrir matstækjum og úrræðum í kafla 9. Í töflu 1 má sjá styrkleika og veikleika í lestrarfærni í fjórum undirhópum.

Tafla 1. Lestrarlíkan (Gough og Tunmer, 1986)

<b>Læsir</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• góð umskráning</li><li>• góður málskilningur (miðað við aldurssvarandi texta)</li></ul>	<b>Lestrarferfiðleikar 1</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• góð umskráning</li><li>• slakur málskilningur (lesskilningserfiðleikar)</li></ul>
<b>Lestrarferfiðleikar 2</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• slök umskráning</li><li>• góður skilningur (verulegir umskráningarerfiðleikar -dyslexía)</li></ul>	<b>Lestrarferfiðleikar 3</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• slök umskráning</li><li>• slakur skilningur (dyslexía og annars konar lestrarvandi)</li></ul>

## 6 Lesfimiþróf

Lesfimiþróf segja til um framvindu lestrarnáms. Prófin mæla lesfimi (hraða) og nákvæmni. Nemendur lesa upphátt samfelldan texta fyrir kennara í einrúmi í tvær mínútur. Nemendur í 1.-10. bekk taka lesfimiþróf í september, janúar og maí. Ekki er þó gert ráð fyrir að prófið sé lagt fyrir í 1. bekk í september. Undantekning eru þeir nemendur sem komnir eru af stað í lestri. Niðurstöður prófanna eru gefnar í fjölda lesinna orða á mínútu. Niðurstöður eru birtar í Mentor og á vitnisburðarblaði í júní.

### 6.1 Viðmið vegna orðafjölda í lestri á lesfimiþróum

Bekkur	Undir viðmiði	Viðmið 1	Viðmið 2	Viðmið 3
1. bekkur	19 eða færri	20 – 54	55 – 74	75 og yfir
2. bekkur	39 eða færri	40 – 84	85 – 99	100 og yfir
3. bekkur	54 eða færri	55 – 99	100 – 119	120 og yfir
4. bekkur	79 eða færri	80 – 119	120 – 144	145 og yfir
5. bekkur	89 eða færri	90 – 139	140 – 159	160 og yfir
6. bekkur	104 eða færri	105 – 154	155 – 174	175 og yfir
7. bekkur	119 eða færri	120 – 164	165 – 189	190 og yfir
8. bekkur	129 eða færri	130 – 179	180 – 209	210 og yfir
9. bekkur	139 eða færri	140 – 179	180 – 209	210 og yfir
10. bekkur	144 eða færri	145 – 179	180 – 209	210 og yfir

## 7 Einstaklingsáætlun

Kennarar gera áætlun til að efla hraða/læsi þeirra nemenda sem eru undir viðmiðum í lesfimi. Nemendur lesa þá heima upphátt fyrir fullorðinn einstakling og má notast við ýmsar hraðlestraræfingar. Sá sem hlustar kvittar fyrir lestrinum á þar til gert eyðublað. Kennari sem hefur umsjón með eftirfylgni í samráði við umsjónarkennara/íslenskukennara fer yfir hvaða nemendur þurfa einstaklingsáætlun og lætur þá hafa kvittunarblað og bók sem þeir eiga að lesa. Þessir nemendur taka aftur lesfimipróf í nóvember og mars og er þá einstaklingsáætlunin endurskoðuð.

## 8 Lesskilningur

Huga þarf vel að máluppeldi ungra barna og tryggja þeim aðgang að ritmáli með góðum bókakosti og vandaðri lestrarkennslu. Einn þáttur slíkrar kennslu ætti að vera kennsla lesskilningsaðferða og efling á orðaforða og málskilning.

Lesskilningur er túlkun lesandans sjálfs á þeim texta sem hann les hverju sinni. Þar sem lesendur eru ólíkir og hafa ekki allir sömu hæfileika er skilningur þeirra og túlkun á sama texta mismunandi. Ástæðan er að lesskilningur tekur mið af viðhorfum, bakgrunnsþekkingu, ályktunarfærni, orðaforða og málskilningi lesenda. Auk þessa hafa aðrir þættir eins og úrvinnsla lesenda úr texta einnig áhrif á lesskilning því umskráningarhæfni, vinnsluminni og námsvitund þeirra er misöflug. Veikleikar á þessu sviði takmarka möguleika lesenda til að vinna upplýsingar úr texta og hafa því einnig áhrif á lesskilning þeirra.

Góð bakgrunnsþekking er nauðsynleg forsenda lesskilnings því enginn texti er algerlega augljós. Þess vegna þurfa lesendur að lesa á milli línanna og álykta um það sem ekki er beinlínis sagt. Til að öðlast fullan lesskilning þurfa þeir að sækja í bakgrunnsþekkingu sína og spá fyrir um aðstæður og jafnvel sjá þær fyrir sér. Það auðveldar þeim að setja sig inn í svipaðar aðstæður og lýst er í textanum. Lesendur sem geta þetta ná samhengi textans betur og skilja því það sem textinn fjallar um.

Fjölmargar rannsóknir benda til þess að hægt sé að efla lesskilning nemenda með því að kenna þeim að beita lesskilningsaðferðum (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010).

Í Gerðaskóla eru notaðar þrjár megin aðferðir við kennslu og þjálfun lesskilnings.

## **8.1 Gagnvirkur lestur**

### **8.1.1 Aðferðin**

Gagnvirkur lestur snýst um gagnvirkni textans og lesandans. Lesandinn nálgast textann skipulega, spáir fyrir um textann og framhald hans, veltir fyrir sér skilningi sínum á honum, spyr spurninga og tekur saman meginatriði. Allt þetta er gert í smáum skrefum þannig að lesandinn nái að halda utan um hugsun sína og framvindu textans. Mikilvægt er að allir þessir fjórir þættir; spá, skilningur, spurningar og meginatriði séu unnir saman en svolítið misjafnt er í hvaða röð þættirnir eru teknir fyrir.

Gott er að byrja á spánni, tala svo um skilning lesenda á textanum eða einstökum orðum og orðasamböndum, spyrja svo spurninga úr textanum og svara þeim og síðan að taka saman aðalatriði textans. Því næst er spáð fyrir um næsta textabút og hann lesinn, en búturinn getur verið ein efnisgrein eða jafnvel lengri texti, allt eftir eðli texta og æfingu lesenda.

Mælt er með því að vinna með gagnvirkan lestur fyrst um sinn í litlum hópum, undir styrkri stjórn kennara, áður en nemendur reyna við aðferðina upp á eigin spýtur. Kennari byrjar á því að stjórna umræðum á meðan nemendur eru að átta sig á ferlinu. Þegar kennari hefur farið nokkrum sinnum í gegnum ferlið geta nemendur tekið við og stjórnað umræðum og svo að lokum geta nemendur unnið á eigin spýtur.

### **8.1.2 Leiðbeiningar**

Kennsluaðferðin er oftast unnin í hópum þar sem stjórnandi stýrir vinnu og umræðum. Til þess að byrja með er kennarinn stjórnandinn, en smám saman geta nemendur tekið að sér stjórnina.

1. Áður en lestur hefst er gott að spá fyrir um innihald textans út frá fyrirsögn, höfundu, lengd, myndum o.s.frv. Spána vinna stjórnandi og lesendur í sameiningu.
2. Stjórnandi og aðrir hópmeðlimir spá fyrir um þann hluta efnisins sem á að lesa í byrjun. Gott er að spá aðeins fyrir um hvað stendur í næstu efnisgrein eða næsta hluta textans sem á að lesa.
3. Lesinn er lítill kafli textans, t.d. ein efnisgrein. Misjafnt er hvort einn les upphátt fyrir allan hópinn eða allir lesa í hljóði.

4. Stjórnandinn spyr aðra hópmeðlimi hvort textinn sé öllum skiljanlegur. Ef til vill þarf að útskýra einstök orð eða orðasambönd. Hópurinn getur hjálpast að við útskýringar eða leitað í orðabók.
5. Stjórnandinn spyr einnar eða tveggja „kennaralegra spurninga“ um efni kaflans. Mikilvægt er að stjórnandi bendi á að bæði sé hægt að spyrja beinna spurninga um efni textans og spurninga sem krefjast ályktana. Aðrir í hópnum koma með tillögur að öðrum spurningum sem hægt væri að spyrja um kaflann. Fjöldi spurninga í hvert sinn verður að miðast við magn mikilvægra upplýsinga í textabútnum sem lesinn var og einnig lengd textans. Hópurinn finnur svör við spurningunum í sameiningu. Spurningar og svör eru skrifaðar niður á eyðublaðið, spurningar og svör.
6. Stjórnandinn tekur saman meginatriði kaflans. Aðrir í hópnum segja til um hvort þeim finnst eitthvað vanta í samantektina eða ef þeim finnst einhverju ofaukið.
7. Stjórnandi skráir samantekt efnisgreinarinnar á samantektarblað. Einnig er hægt að velja ritara úr hópnum sem sér um skráningar.
8. Aðferðin er endurtekin að nýju með næstu efnisgrein eða næsta kafla.

*Eyðublöð og ítarefni – sjá fylgiskjöl*

## **8.2 Hugtakakort**

### **8.2.1 Aðferðin**

Hugtakakort henta mjög vel til að byggja upp skilning á hugtökum og tengja nýjar upplýsingar fyrri þekkingu. Gerð hugtakakorta er námsaðferð sem hefur verið að ryðja sér til rúms undanfarin ár og byggir á þeirri hugmyndafræði að virkja bæði heilahvelin í náminu. Hugtakakort má nota á margvíslegan hátt en meginatriðið er að við gerð þeirra eru notaðar myndir og litir sem virkja hægra heilahvelið en í námi flestra er vinstra heilahvelið yfirleitt ríkjandi (Buzan, 2005). Tíu grundvallarreglum er fylgt þegar hugtakakort eru gerð. Notað er autt blað við gerð þeirra eða jafnvel tölva og iPad.

### **8.2.2 Leiðbeiningar**

1. Blað er lagt á borð og snúið lárétt.
2. Byrjað er á að teikna litaða mynd í miðjuna sem táknar hugmynd eða spurningu sem ætlunin er að leita svara við. Það er því um að gera að nota svolítinn tíma í þetta atriði. Ef einhverjum finnst erfitt að teikna skrifar hann orðið eða hugtakið



inn í ramma. Ramminn eða myndin á að vera um þrjár til fimm sentimetrar á hæð og breidd.

3. Teiknaðar eru þykkar greinar út frá meginhugmyndinni sem tengjast næstu undirhugtökum. Lita má hverja grein í sínum lit.
4. Hvert undirhugtak er síðan brotið niður í smærri undirhugtök sem skráð eru á línurút frá því.
5. Hver lína sem teiknuð er verður að tengjast öðrum línunum þannig að hugtakakortið hangi saman frá lykilhugtakinu í byrjun og út í allar greinarnar.
6. Það er um að gera að teikna myndir við hugtökin eða í stað þeirra því það hvetur hægra heilahvelið til að muna betur.
7. Heppilegt er að skrifa orðin með prentstöfum því það auðveldar lestur eftir á.
8. Á hverri grein eða línu er aðeins sett eitt orð og/eða mynd.
9. Bogadregnar línur koma vel út engu síður en beinar og skemmtilegra er að teikna þær. Þær gleðja augun einnig frekar.
10. Litir örva minnið og gleðja augun svo það er um að gera að nota þá í ríkum mæli (Smith og Morris, 2002).

### **8.3 Stigvaxandi þróun í hugtakakortagerð**

1. Teikningar eða teikningar og orð í bland, fer eftir getu nemenda.
2. Fundin orð sem tengjast ákveðnu viðfangsefni, hvort sem það er dýr, veður eða eitthvað annað (viðfangsefnið fyrir miðju og út frá því orð sem tengjast því).
3. Velja ákveðið orð (fyrir miðju) - finna orð sem hægt er að skeyta við (út frá) og búa til samsett orð (yst).
4. Aðferðin Orðavefur: Samsett orð þar sem unnið er út frá ákveðinni rót (án hljóðbreytinga, mynd 16 í Eflum lesskilning).
5. Fundin orð sem flokkast undir ákveðið yfirheiti (yfirheitið fyrir miðju og út frá því orð sem tengjast því).
6. Aðferðin Orðavefur: Samsett orð þar sem unnið er út frá ákveðinni rót (orðhlutar með og án hljóðbreytinga (mynd 16 í Eflum lesskilning)
7. Aðferðin Orðavefur: orð með svipaða merkingu (mynd 17 í Eflum lesskilning)
8. Aðferðin Að skilgreina orð og hugtök (mynd 14 í Eflum lesskilning).
9. Aðferðin Orðavefur: Forskeyti + rót eða stofn (mynd 15 í Eflum lesskilning).

10. Aðferðin Orðavefur: Forskeyti + rót eða stofn. Þar er unnið eins og greint er frá en auk þess eiga nemendur að búa til setningu þar sem hvert orð kemur fram í (Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir, 2010).

*Eyðublöð og ítarefni – sjá fylgiskjöl fyrir kennara*

## **8.4 KVL**

### **8.4.1 Aðferðin**

Lesskilningsaðferðin kann – vil vita – hef lært (e. know – want – learned) var þróuð af Ogle árið 1986. Aðferðin skiptist í þrennt og er unnið með hana í öllu lestrarferlinu, eða áður en lestur hefst, á meðan á lestri stendur og eftir að lestri lýkur. Í fyrstu velta lesendur fyrir sér hvað þeir vita um viðfangsefnið sem þeir eru að fara að lesa um og skrá það skipulega niður. Þannig virkja þeir bakgrunnsvitneskju sína, en sú vitneskja er sá grunnur sem lesandinn byggir ætíð ofaná. Því næst velta lesendur fyrir sér hvað þeir vilja vita um viðfangsefnið og skrifa það skipulega niður. Þá hefst lesturinn. Að loknum lestri skrá lesendur svo niður hvað þeir lærðu um viðfangsefnið þegar þeir lásu. Þannig hafa þeir tengt nýja vitneskju þeirri sem þeir höfðu áður um efnið. Aðferðin er einkum notuð við lestur upplýsingatexta. Hægt er að bæta við fjórða liðnum, – vil vita meira (e. what I still want to know) (McLaughlin og Allen, 2009). Þar er hægt að skrá niður þær spurningar sem enn er ósvarað eftir lestur textans eða hugmyndir og spurningar sem kvikna þegar lestri textans er lokið. Í framhaldi af því er svo hægt að lesa fleiri texta um sama viðfangsefni. Þessa aðferð væri tilvalið að nota t.d. í tengslum við ritgerðarvinnu nemenda og í stærri verkefnum um ákveðin viðfangsefni.

Í byrjun stjórnar kennari vinnu nemenda. Smám saman er hægt að láta nemendur vinna sjálfstætt með þessa aðferð og mælt er með því að eftir að kennari hættir að stýra vinnu nemenda, vinni þeir í litlum hópum, pörum og að lokum einstaklingslega

### **8.4.2 Leiðbeiningar**

1. Eftir að viðfangsefnið hefur verið kynnt og áður en lestur hefst biður kennari nemendur að hugsa um og segja frá öllu því sem þeir vita um viðfangsefnið. Hugmyndir nemenda eru skrifaðar niður í fyrsta dálkinn, sem merktur er K (fyrir kann).

2. Nemendur eru beðnir um að hugsa um og segja frá öllu sem þeir vilja vita um viðfangsefnið, ef illa gengur að fá hugmyndir frá nemendum er einnig hægt að spyrja hvaða svör þeir haldi að textinn sem þeir eru að fara að lesa, gefi þeim. Hugmyndirnar eru skrifaðar niður í dálk V (vil vita).
3. Nemendur lesa textann. Þeir mega gjarnan skrifa niður um leið í dálk L (hef lært) öll svör sem þeir fá við spurningum sínum úr dálki V og einnig annað sem þeir komast að um viðfangsefnið við lestur textans.
4. Kennari og nemendur fara yfir alla dálkana K-V-L og athuga hvort öllum spurningum hefur verið svarað. Kennari og nemendur nota upplýsingar úr öllum dálkunum til þess að draga saman helstu efnisatriði um viðfangsefnið og skrifa á samantektarsíðu.

Hægt er að bæta við fjórða dálkinum, M (vil vita meira). Þá er notuð K-V-L-M þankasíða. Þar er hægt að skrifa spurningar um hvað nemendur vilja, eða þurfa að vita meira um viðfangsefnið, hvaða spurningum er ósvarað. Því næst er hægt að gera áætlun um hvernig hægt er að nálgast svör við þeim spurningum.

*Eyðublöð og ítarefni – sjá fylgiskjöl fyrir kennara*

### **8.5 Merking orða út frá samhengi**

Efling orðaforða er mjög mikilvæg og er þá verið að kenna og ræða ákveðin orð í texta fyrirfram, skoða merkingu þeirra, orðhluta og skyld orð. Aðferðin er notuð með bókmenntatextum sem nemendur lesa.

## **9 Matstæki -skimanir og próf**

### **9.1 Lesfimipróf**

Markmið með lesfimiprófi er að meta hversu hratt og nákvæmt nemandinn getur lesið upphátt, hvort hann tekur eðlilegum framförum og hvar hann stendur miðað við viðmið árgangsins. Þegar lesfimipróf er lagt fyrir skal umhverfi vera afslappað og rólegt. Prófandinn situr fyrir aftan nemendann á meðan hann tekur prófið. Þessi aðferð kemur í veg fyrir að nemandinn verði fyrir truflun t.d. vegna skráningar kennara og klukku. Nemandi skal lesa í 2 mínútur fyrir þann sem leggur prófið fyrir. Prófandinn merkir við rangt lesin orð á matsblað og skráir niðurstöður prófsins í Skólagáttina. Í niðurstöðum lesfimiprófanna kemur fram hversu mörg orð nemandinn las á mínútu. Niðurstöður eru birtar í Mentor og á vitnisburðarblaði nemenda við lok skólaárs.

#### **9.1.1 Markviss skráning í skóla og eftirlit**

Þeir sem sjá um að lestarprófa í hverjum árgangi færa niðurstöður úr prófum á vef Menntamálastofnunar, Skólagátt. Niðurstöðum prófanna er halað niður og þær vistaðar í möppu á Lestrarstefna/Lesferill-niðurstöður/Lesfimi. Allar niðurstöður í lestri og lesskilningi eru færðar inn á sama svæði eftir árgangi og varðveittar þar. Með því að halda svona markvissa skráningu er auðvelt að fylgjast með árangri hjá hverjum nemanda og öllum árganginum. Einnig er hægt að hafa markvisst eftirlit með hverjum nemanda á skólaárinu og milli árganga alla skólagönguna. Umsjónarmaður lesferils í skólanum hefur eftirlit með því að próf séu lögð fyrir og niðurstöður skráðar er kennurum einnig innan handar ef þeir þarfnast aðstoðar og/eða stuðning.

### **9.2 Orðarún**

Lesskilningsprófið Orðarún er staðlað próf sem lagt er fyrir 3. til 8. bekk í október og apríl. Prófið hefur að geyma tvo samfelda texta og 10 spurningar í hvorum texta, sem skipt er í orðaforða-, ályktunar-og staðreyndaspurningar við hvorn texta. Þegar niðurstöður prófanna eru birtar kemur fram hver árangur nemenda er í öllum tegundum spurninga.

### **9.3 Lesferill – lesskimun fyrir 1. bekk**

Prófið skimar lestrarfærni nemenda í 1. bekk og er lagt fyrir í október. Markmiðið er tvíþætt: Annars vegar að finna þá nemendur sem kunna að eiga við lestrarörðugleika að stríða þegar fram líða stundir og hins vegar að veita kennurum upplýsingar um einstaka

nemendur svo hægt sé að haga kennslu við hæfi hvers og eins nemanda. Prófið er staðlað og byggir á mörgum þáttum og kannar bókstafabekkingu, hljóðkerfisvitund og málþroska.

### **9.3.1 Lesferill – stuðningspróf**

Nefnuhraðapróf, sjónrænn orðaforði og orðleysupróf eru hliðarpróf sem eru notuð eftir þörfum til þess að meta lestrarfærni nemenda og framfarir.

### **9.3.2 Lesmál – 2. bekkur**

Prófið Lesmál – mat á lestri og réttritun er lagt fyrir nemendur í 2. bekk í apríl.

### **9.4 Samræmd könnunarpróf**

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008, skal leggja samræmd könnunarpróf fyrir 4., 7. að hausti hvert ár og 9. bekk að vori ár hvert. Meginhlutverk samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 9. bekk er að veita nemendum, foreldrum þeirra og skólum upplýsingar um námsstöðu þeirra. Markmið grunnskólalaga er lýtur að samræmdum könnunarprófum er að nota skuli niðurstöður prófanna við áframhaldandi kennslu út veturinn, enda gefa niðurstöðurnar vísbendingar um hvar nemendur hafa ekki náð að tileinka sér námsefnið eins og aðalnámskrá grunnskóla mælir fyrir um og hvernig skuli bregðast við árangri einstakra nemenda.

Mynd 2. Dagsetningar samræmdra könnunarprófa veturinn 2017-2018

#### **4. bekkur**

Íslenska	Fimmtudagur	27. september
Stærðfræði	Föstudagur	28. september

#### **7. bekkur**

Íslenska	Fimmtudagur	20. september
Stærðfræði	Föstudagur	21. september

#### **9. bekkur**

Íslenska	Þriðjudagur	12. mars
Stærðfræði	Miðvikudagur	13. mars
Enska	Fimmtudagur	14. mars

## **10 Lesskilningspróf**

Lesskilningspróf eru lögð fyrir alla nemendur í 1.-10. bekk með samræmdum kröfum um árangur og mat.

## **11 Greiningarpróf**

### **11.1 LOGOS (3. – 10. bekkur)**

Prófið er tölvutækt greiningarpróf sem metur hvort nemandi er með leshömlun (dyslexíu) eða aðra lestrarerfiðleika. Þættirnir greina færni í leshraða, lesskilningi, skilningi á hlustun, umkóðunarferni, stafsetningu og annarri lestrartengdri færni ásamt því að gefa vísbendingar um aðra þætti sem geta haft áhrif á nám nemenda svo sem vinnsluminni og sjónræna eða heyrnræna erfiðleika. Flestir prófþættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýttis. Prófin eru stöðluð þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra. Niðurstöður prófanna er hægt að sjá í töfluformi og grafískum útfærslum sem sýna stöðu nemandans, bæði sterkar og veikar hliðar. Í kjölfar greinga er hægt að finna viðeigandi úrræði og hjálpargögn sem geta haft jákvæð áhrif á lesfærni nemenda.

LOGOS skimun er lagt fyrir í 3. bekk í janúar, 6. bekk í október og 8. bekk að vori af kennslufræðingum Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar. Í kjölfar skimananna eru skilafundur þar sem starfsmenn Fræðsluskrifstofunnar hitta aðila í skólanum og fara yfir niðurstöðurnar og eftir fundinn fer Lestrarteymi skólans yfir niðurstöðurnar og í kjölfarið eru ákveðin úrræði fyrir nemendur og þeir sem koma verst út úr skimunum fara yfirleitt í greiningarprófið sjálf.

### **11.2 TOLD 2P og 2I málþroskapróf**

Sérkennarar og talmeinafræðingar leggja prófið fyrir einstaka nemendur. Það metur m.a. málþroska, málskilning og máltjáningu.

### **11.3 GRP 14 – Greinandi stafsetningarpróf (8. bekkur)**

Tilgangur prófsins er að greina rétt stafsett orð og stafsetningu eftir upplestri og er prófið lagt fyrir í apríl/maí.

## **Lestraráttak**

Markmið með lestrarátaki er að nemendur auki lesfimi og lesskilning. Mikilvægt markmið er að vekja það mikinn áhug nemandans á lestri að hann sækist sjálfur í lesefni og hafi ánægju af honum (yndislestur). Bókasafn skólans er mikilvægur þáttur þegar lestrarátak stendur yfir. Samvinna á milli kennara og starfsmanns á bókasafni við undirbúning þegar lestrarátak stendur yfir skiptir miklu máli. Kennarinn/starfsmaðurinn á bókasafni er þá meðvitaður um framkvæmd og jafnvel úrvinnslu átaksins og er virkur þátttakandi.

## **12 Upplestrarkeppni**

### ***12.1 Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk***

Nemendur taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin er ár hvert. Hún hefst formlega á Degi íslenskra tungu. Allir nemendur taka þátt í ræktunarhlutanum og æfa upplestur á texta og ljóðum. Á lokahátíð skólans eru fulltrúar valdir til þess að taka þátt í keppni milli skóla í Garði, Stóru-Vogaskóla og Grunnskóla Grindavíkur í mars á ári hverju.

### ***12.2 Litla upplestrarhátíðin í 4. bekk***

Kennarar og stjórnendur ákváðu árið 2015 að Litla upplestrarhátíðin yrði haldin árlega í 4. bekk. Litla upplestrarkeppnin hófst í Hafnarfirði haustið 2010 og byggir á markmiðum Stóru upplestrarkeppninnar sem haldin er árlega í 7. bekk. Meginmarkmið keppninnar er að nemendur flytji íslenskt mál sjálfum sér og öðrum til ánægju og að þeir hafi vandvirkni og virðingu að leiðarljósi við flutninginn. Keppnishugtakið felur eingöngu í sér það markmið að keppa við sjálfan sig, að verða betri í dag en í gær. Litla upplestrarhátíðin hefst formlega á Degi íslenskrar tungu, 16. nóvember, og henni lýkur í apríl með hátíð í skólanum þar sem foreldrum og öðrum góðum gestum er boðið að koma og hlusta á nemendur flytja ljóð og sögur.

### 13 Yfirlit yfir matstæki eftir árgöngum

Í grunnskólanum er fylgst vel með framvindu lestrarnámsins með ýmsum matstækjum yfir skólaárið.

- 1. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, þrjár kannanir í hlustunarskilning, tvö lesskilningsþróf, Lesferill – lesskimun fyrir 1. bekk, nefnuhraðþróf, sjónrænum orðaforði og orðleysuþróf.
- 2. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, fjögur lesskilningsþr., Lesferill: Stuðningsþróf e. þörfum.
- 3. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, fjögur lesskilningsþr., LOGOS lestrarskimun og Lesferill: Stuðningsþróf eftir þörfum.
- 4. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, fimm lesskilningsþr., Lesferill: Stuðningsþróf eftir þörfum og samræmd þróf.
- 5. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, fimm lesskilningsþr., Lesferill: Stuðningsþróf e. þörfum.
- 6. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, fimm lesskilningsþr., LOGOS lestrarskimun og Lesferill: Stuðningsþróf eftir þörfum.
- 7. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, fimm lesskilningsþróf, samræmd þróf, Lesferill: Stuðningsþróf eftir þörfum.
- 8. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, fimm lesskilningsþróf, LOGOS lestrarskimun, GRP14 og Lesferill: Stuðningsþróf eftir þörfum.
- 9. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, fjögur lesskilningsþróf, , Lesferill: Stuðningsþróf eftir þörfum, samræmd þróf.
- 10. bekkur: Þrjú lesfimiþróf, fjögur lesskilningsþróf, Lesferill: Stuðningsþróf eftir þörfum.

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar og sérkennari skólans sjá um lestrargreiningar (dyslexía og annar lestrarvandi) fyrir Gerðaskóla.

### 14 Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur hluti /2011.

Bergljót Vilhelmína Jónsdóttir. (2010). Eflum lesskilning. Reykjavík: Háskólaprentun.

Buzan, T.(2005). *Mind Maps for Kids. Max your Memory and Concentration*. London: Thorsons.



- Gough, P.B. og Tunmer, W.E. (1986). Decoding, reading and reading disability. *Remedial and Special Education*, 7, 6-10.
- Hoover, W. A. og Gough P. B. (1990). The simple view of reading. *Reading and Writing*, 2, 127–160.
- McLaughlin, M. og Allen, M.B. (2009). *Guided comprehension in grades 3-8* (2. útgáfa). Newark: International Reading Association.
- Námsmatsstofnun. (e.d.).Dagsetningar haustið 2015.Sótt af [http://www.namsmat.is/vefur/samr\\_prof/grunnskolar/framkvamd/dagsetningar.html](http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/framkvamd/dagsetningar.html)
- Smith, J. og Morris, S. (2002). *Mind maps in a week*. London: Hodder & Stoughton.